

270. fundur hafnarstjórnar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, fimmtudaginn 30.
apríl 2026 og hófst hann kl. 12:00.

Fundinn sátu:

Magnús Einar Magnússon formaður, Catherine Patricia Chambers varaformaður, Jóhann Birkir Helgason aðalmaður, Sædis Ólög Þórsdóttir aðalmaður og Ólafur Baldursson aðalmaður.

Embættismenn:

Hilmar Kristjánsson Lyngmo, hafnarstjóri og Axel Rodriguez Överby, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs.

Fundargerð ritaði: Axel R. Överby, Sviðstjóri umhverfis- og eignarsviðs.

Dagskrá:

1. Trúnaðarmál - 2026020072

Trúnaðarmál lagt fyrir hafnarstjórn.

Trúnaðarmál kynnt í hafnarstjórn.

2. Flateyrrarhöfn 6, Flateyri. Umsókn um lóðarleigusamning - 2025070005

Lagt fram minnisblað frá Hilmari K. Lyngmo, hafnarstjóra dagsett 29.apríl 2026, vegna lóðarinnar Flateyrrarhöfn 6.

Hafnarstjóra falið ræða við eiganda mannvirkis.

3. Sumarviðburðasjóður - 2024020083

Tillaga frá hafnarstjóra um að skipa Sædisi Ólöfu Þórsdóttur í úthlutunarnefnd Sumarviðburðasjóðs Hafna Ísafjarðarbæjar, f.h. Ísafjarðarbæjar.

Hafnarstjórn samþykkir tillögu hafnarstjóra.

4. Mastur og tækjahús Þingeyrrarhöfn - 2026040263

Borist hefur erindi frá Steindóri Gunnari Magnússyni fyrir hönd Mílu dagsett þann 28. apríl 2026.

Um er að ræða leigu á lóð (aðstöðu) á Þingeyrrarhöfn fyrir 16 metra stálmastur/stálstaur sem er u.þ.b. 60 cm í þvermál við undirstöðu og mjókkar niður í u.þ.b. 30 cm í topp. Og tækjahús sem er 3,0 X 3,0 metrar, sjá mynd af samskonar húsi.

Hafnarstjórn leggur til við skipulags- og mannvirkjanefnd að lóð verði stofnuð undir farsímamastur og tækjahús í samræmi við umsókn.

5. Göngustígur frá móttökuhúsi Sundabakka - 2026040264

Við opnun tilboða í yfirborðsefni barst einungis eitt tilboð, frá Græjað og gert ehf., í verkið "Göngustígur yfirborðsefni".
Græjað og gert ehf. Kr. 40.471.500 86%
Kostnaðaráætlun Kr. 47.200.000

Hafnarstjórn leggur til að gengið verði til samninga við Græjað og gert ehf.

6. Upplýsingaskilti fyrir Hornstrandaferðalanga - 2026040272

Borist hefur erindi frá Einari Daniélsyni fyrir hönd Slysavarnafélagsins Landsbjargar dags. 29. apríl 2026.

Á síðasta fundi Slysavarnanefndar Slysavarnafélagsins Landsbjargar var rætt um þá hættu sem ferðalangar setja sig í með því að fara yfir á Hornstrandir illa búnir og ekki með á hreinu þær aðstæður sem þar eru.

Hugmyndin gengur út á að félagið taki þátt í ásamt Hafnarsjóði Ísafjarðarbæjar að hanna og setja upp skilti á lykilstöðum við brottfararpunkta, þar sem ferðamenn eru minntir á þær aðstæður sem bíða þeirra handan fjarðarins.

Það er reynsla margra að ekki allir gera sér nægilega grein fyrir því hversu krefjandi og einangrað svæðið er, bæði hvað varðar veður, aðgengi að aðstoð og nauðsynlegan búnað.

Með skýrum skilaboðum væri hægt að: Auka vitund ferðamanna um áhættu og ábyrgð.

Hvetja til betri undirbúnings varðandi útbúnað og klæðnað, QR kóða til að ná í öryggissmáforrit Safetravel.

Hvetja til að skila inn Ferðaáætlun á Travel plan - Safetravel.

Hafnarstjórn tekur jákvætt í erindið og felur hafnarstjóra að vinna málið áfram.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:00

Magnús Einar Magnússon

Catherine Patricia Chambers

Jóhann Birkir Helgason

Sædis Ólöf Þórsdóttir

Ólafur Baldursson

Hilmar Kristjánsson Lyngmo

Axel Rodriguez Överby